

Samkvæmt efni sínu fjallar kröfugerð stefnanda um málfefni, sem almennt fellur undir úrskurðarvald Félagsdóms.

Eigi verður talið, að ákvæði bráðabirgðalaganna nr. 70/1979 standi því í vegi, að Félagsdómur leggi efnisdóm á málið, svo sem það hefur verið lagt fyrir dóminn.

Ber því að hrinda hinni framkomnu frávisunarkröfu.

Rétt er að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins.

Úrskurðarorð:

Framkomin frávisunarkrafa er ekki tekin til greina.

Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Þriðjudaginn 31. júlí 1979.

Nr. 137/1979. **Ákærvaldið**

gegn

Guðmundi Einari Harðarsyni.

Kærumál. Framsal sakamanns samkv. lögum nr. 7/1962. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 7/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. júlí 1979, er barst 27. s. m. Í greinargerð verjanda hans er þess krafist, að úrskurðinum verði hrundið og að málsvarnarlaun verjanda verði greidd úr ríkissjóði.

Greinargerð hefur eigi borist frá ríkissaksóknara.

Athafnir ákærða, þær er greinir í framsalsbeiðni og hann hefur viðurkennt, ber að virða sem áframhaldandi brotastarfsemi, er svarar til verknaðarlýsingar almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 173. gr. a, sbr. lög nr. 64/1974. Sam-

kvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Laun skipaðs verjanda, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði, sbr. 13. gr. laga nr. 7/1962.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Laun skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og
Loga Einarssonar.**

Við teljum, að staðfesta beri úrlausn héraðsdómara varðandi 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1962.

Við teljum eigi, að brot varnaraðilja, þau er framsalskrafa lýtur að, varði örugglega við 173. gr. a álmennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1974. Þar sem refsimörk 5. gr. laga nr. 65/1974 eru 2 ára fangelsi hið mesta, er eigi fullnægt skilyrðum þeim, er 2. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1962 setur fyrir því, að íslenskur ríkisborgari verði framseldur erlendu ríki vegna brota, er hann hefur framið.

Málsvarnarlaun verjanda varnaraðilja í héraði og fyrir Hæstarétti þykja hæfilega ákveðin alls 110.000 krónur.

D ó m s o r ð

okkar er á þessa leið:

Eigi er fullnægt skilyrðum laga nr. 7/1962 fyrir framangreindu framsali varnaraðilja, Guðmundar Einars Harðarsonar.

Málsvarnarlaun verjanda varnaraðilja í héraði og fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, alls 110.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. júlí 1979.

Ár 1979, fimmtudaginn 26. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir.

Með telexskeyti frá saksóknaranum í Gautaborg í Svíþjóð þann 19. júlí sl. var óskað framsals á Guðmundi Einari Harðarsyni, fæddum 23. september 1951, vegna gruns um fíkniefnabrot hans í Gautaborg á árunum 1978 og 1979.

Dómsmálaráðuneytið sendi ofangreint telexskeyti til ríkissaksóknara með beiðni um, að fram færi nauðsynleg rannsókn, sbr. 10. gr. laga nr. 7/1962.

Með bréfi, dags. 20. júlí sl., lagði ríkissaksóknari málið fyrir sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum, og á dómþingi sama dag mótmælti Guðmundur Einar Harðarson kröfu um framsal til Svíþjóðar, og jafnframt óskaði verjandi hans, Örn Clausen hæstaréttarlögmaður, eftir því, að um kröfuna yrði fjallað í sakadómi Reykjavíkur, og vísaði hann til 11. gr. laga nr. 7/1962.

Samkvæmt vottorði frá manntalsskrifstofu Reykjavíkur flutti Guðmundur Einar lögheimili sitt til Gautaborgar þann 20. apríl 1977 og síðan aftur til Reykjavíkur þann 23. september 1977 og hefur átt lögheimili að Gnoðarvogi 64 síðan.

Dómarinn fékk þær upplýsingar hjá manntalsskrifstofunni, að verið gæti þrátt fyrir það, sem áður segir, að í Svíþjóð hafi lögheimili Guðmundar Einars verið talið vera þar óslitið frá 20. apríl 1977. Ljóst sé þó, að hann hafi flust hingað til landsins þann 23. september 1977.

Guðmundur Einar hefur við yfirheyrslu hjá lögreglu borið, að hann hafi flust til Gautaborgar þann 27. maí 1977 og átt lögheimili þar síðan 28. eða 29. maí s. á. Hann hafi komið hingað til landsins um jólin 1977 og dvalist hér í um einn mánuð. Í byrjun september 1978 hafi hann farið í ferð til Tyrklands, Englands og Íslands og farið á ný til Gautaborgar í janúar 1979.

Guðmundur Einar hélt frá Gautaborg hinn 12. júní sl. og kom til Keflavíkurflugvallar 13. júní, þar sem hann var handtekinn. Þann 15. júní sl. var hann úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á ætluðum fíkniefnabrotum hans, og hefur gæsluvarðhaldið tvisvar verið framlengt, síðast hinn 20. þ. m., og rennur það út þann 27. júlí nk.

Síðan Guðmundur Einar var handtekinn, hefur hann verið

yfirheyrður hjá lögreglu og í dómi um ætluð brot hans. Hefur hann viðurkennt fyrir dómi að hafa ýmist einn eða í félagi við aðra gerst sekur um eftirtalin fíkniefnabrot:

1. Að hafa á tímabilinu janúar—mars 1978 farið ásamt öðrum manni 3 ferðir frá Gautaborg til Kaupmannahafnar og keypt þar um 100 gr af hassi í hverri ferð, sem þeir seldu síðan ótilteknum aðiljum í Gautaborg.
2. Að hafa um sumarið 1978 keypt 100—200 gr af hassi af nafngreindum manni í Gautaborg og ýmist neytt þess sjálfur eða selt það. Þennan framburð dró Guðmundur Ein- ar til baka í síðara þinghaldi.
3. Að hafa ásamt tveimur nafngreindum mönnum farið í júlí 1978 frá Gautaborg til Kaupmannahafnar til hasskaupa án árangurs og að hafa nokkru síðar átt þátt í neyslu og sölu um 50 gr af hassi í Gautaborg.
4. Að hafa í júní/júlí 1978 ásamt nafngreindum manni farið frá Gautaborg til Amsterdam í Hollandi og keypt þar um 500 gr af hassi, sem þeir seldu síðan ókunnum aðiljum í al- menningsgarði í Gautaborg með hagnaði. Hafi kaupverðið í Amsterdam verið 4—5 gyllini hvert gramm, en söluverðið í Gautaborg 20—30 sænskar krónur hvert gramm í stærri einingum, en um 40 sænskar krónur í smærri einingum.
5. Að hafa 2—3 vikum síðar farið aðra ferð til Amsterdam með sama manni og áður og keypt um 700 gr af hassi, sem þeir seldu í Gautaborg á sama hátt og greint er undir lið 4.
6. Að hafa farið í ágúst 1978 í þriðja sinn með sama manni og áður til Amsterdam og keypt um 1 kg af hassi, sem þeir fluttu til Gautaborgar og seldu á sama hátt og segir í 4. lið.
7. Að hafa farið í september 1978, enn með hinum sama manni og áður, í ferð, m. a. til Ankara í Tyrklandi, þar sem þeir keyptu 650 gr af hassi, sem þeir ætluðu að flytja til Íslands eða Svíþjóðar, en voru handteknir í Englandi og hassið gert upptækt þar.
8. Að hafa farið frá Íslandi í desember 1978 einn síns liðs til Amsterdam og keypt þar um 140 gr af hassi og flutt það hingað til lands. Hassið hafi hann selt ýmsum aðiljum, yfir- leitt á um kr. 4.000 hvert gramm.
9. Að hafa veitt viðtöku snemma á þessu ári frá nafngreindum manni í Gautaborg um 2 gr af hassi.
10. Að hafa keypt af manni í Gautaborg í mars sl. 250 gr af marihuana á 15 sænskar krónur hvert gramm, sem hann

seldi ókunnum aðiljum á 35—40 sænskar krónur hvert gramm. Var þetta gert í hagnaðarskyni.

11. Að hafa í apríl sl. keypt af sama manni og greinir í 10. lið 200 gr af hassolíu á 57.50 sænskar krónur hvert gramm. Samkvæmt síðasta framburði Guðmundar Einars fyrir dómi varðandi hassolíuna afhenti hann nafngreindum íslenskum manni um 90 gr af hassolíunni að hann telur, 10 gr fóru til spillis, 10 gr fóru til eigin nota, en afganginn seldi hann ýmsum ókunnum aðiljum í Gautaborg á 80 sænskar krónur hvert gramm.

Verjandi Guðmundar Einars kom fyrir dóminn í gær. Mót-mælti hann framsalskröfunni og taldi lagarök ekki vera fyrir hendi, til þess að hægt væri að verða við kröfu um framsal. Benti hann á, að augljóst væri af gögnum málsins, að skilyrði 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1962 væri ekki fyrir hendi. Þá benti hann á, að af gögnum málsins yrði ekki séð, að brot þau, sem Guðmundur Einar „hefur með eigin framburði upplýst“, væru svo alvarleg, að þau gætu varðað við önnur ákvæði en lög um ávana- og fíkniefni, og þá sérstaklega ekki við 173. gr. a almennra hegningarlaga. Vísaði verjandinn til íslenskrar dómvenju í því sambandi.

Niðurstöður.

Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 9. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 má ekki framselja íslenska ríkisborgara til refsingar á vald erlendra ríkja. Með lögum nr. 7/1962 um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar var heimilað að tilteknum skilyrðum fullnægðum að framselja íslenska ríkisborgara til hinna 4 Norðurlanda. Enda þótt framan-greindu ákvæði almennra hegningarlaga hafi ekki verið breytt jafnhliða setningu laga nr. 7/1962, verður að líta svo á, að hin yngri ákvæði víki til hliðar hinu eldra að því er varðar framsal íslenskra ríkisborgara til Norðurlandanna.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1962 verður íslenskur ríkisborgari því aðeins framseldur 1) að hann hafi verið búsettur síðustu tvö árin, áður en brot var framið, í því landi, sem framsals óskar, eða 2) að þyngri refsing en 4 ára fangelsi liggi við brotinu eða samsvarandi broti eftir íslenskum lögum.

1. Svo sem að framan greinir, flutti Guðmundur Einar lögheimili sitt til Gautaborgar þann 20. apríl 1977. Hann tilkynnti til manntalsskrifstofu Reykjavíkur um flutning lögheimilis síns

til Reykjavíkur þann 23. september 1977. Gögn málsins bera ekki með sér, hvenær hann fluttist á ný til Gautaborgar.

Enda þótt talið yrði, að Guðmundur Einar hafi átt lögheimili í Gautaborg óslitið síðan 20. apríl 1977, og litið væri hjá búsetu hans á Íslandi um tíma, verður ekki talið, að skilyrði 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1962 sé fullnægt, þar sem ekki kemur fram af gögnum málsins, hvort síðasta fíkniefnabrotið, sem Guðmundur Einar er grunaður um að hafa framið í Gautaborg, var framið eftir 20. apríl sl.

2. Með lögum nr. 64/1974 var bætt inn í almennu hegningarlögin gr. 173 a. Undir þetta refsíákvæði falla meiri háttar brot á ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974. Tekur það til þess, er mörgum mönnum eru látin í té ávana- og fíkniefni andstætt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni eða þau afhent gegn verulegu gjaldi eða á annan sérstaklega saknæman hátt. Þá tekur 173. gr. a og til þess m. a. að flytja inn, flytja út, kaupa, láta af hendi, taka við eða hafa í vörslum sínum ávana- og fíkniefni í því skyni að afhenda þau á þann hátt, sem áður greinir.

Með orðunum „verulegt gjald“ í 173. gr. a er ekki um hnitmiðað orðalag að ræða, og er það háð mati, hvað sé verulegt gjald. Með orðalaginu „mörgum mönnum“ er við það átt, að um nokkurn hóp manna sé að ræða og þá tíðast ótiltekinn.

Hámarksrefsing samkvæmt 173. gr. a er 10 ára fangelsi.

Í 4. mgr. 2. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni er lagt bann við innflutningi, útflutningi, sölu, kaupum, skiptum, afhendingu, móttöku, framleiðslu, tilbúningi og vörslu efna, sem í lögnum greinir, með þeim undantekningum, sem í 3. gr. segir. Brot gegn lögnum varða sektum allt að 1 milljón króna, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, sbr. 5. gr.

Meiri háttar brot á lögum um ávana- og fíkniefni falla, eins og áður segir, undir 173. gr. a almennra hegningarlaga. Tiltekin brot manns geta varðað við lög nr. 65/1974, en önnur tiltekin brot sama manns við 173. gr. a almennra hegningarlaga.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir verða að telja, að brot þau, sem Guðmundur Einar Harðarson er grunaður um og talin eru upp hér að framan í liðum nr. 4, 5, 6, 10 og 11, séu stórfelld og varði við 173. gr. a almennra hegningarlaga, ef þau sannast.

Brot þau, sem talin eru í liðum nr. 7 og 8 koma ekki til álita hér, þar sem framsalsbeiðnin tekur ekki til þeirra.

Samkvæmt framansögðu þykir skilyrði 2. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1962 fyrir framsali Guðmundar Einars vera fullnægt.

Með hliðsjón af öllu framanskráðu og fyrirbyggjandi gögnum málsins þykja þannig vera fyrir hendi skilyrði samkvæmt lögum nr. 7/1962 um framsal Guðmundar Einars Harðarsonar til Svíþjóðar.

Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. ofangreindra laga ber að greiða sakarkostnað vegna máls þessa úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda Guðmundar Einars, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 50.000.

Úrskurðarorð:

Skilyrði samkvæmt lögum nr. 7/1962 um framsal saka-
manna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar eru
fyrir hendi til framsals Guðmundar Einars Harðarsonar,
fædds 23. september 1951, til Svíþjóðar.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun
verjanda Guðmundar Einars, Arnar Clausen hæstaréttar-
lögmanns, kr. 50.000.

Föstudaginn 14. september 1979.

Nr. 164/1979. **Ákærvaldið**

gegn

Jóhannesi Ólafssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Ármann Snævarr,
Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga
nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8.
september 1979, er barst Hæstarétti 10. s. m. Krefst hann
þess, að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verði felldur úr gildi,